

Lög

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (gagnaver).

1. gr.

Orðin „sama gildir um sölu gagnavera á hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi“ í d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

2. gr.

42. gr. A laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 43. gr. laganna:

- a. Við 1. másl. bætist: eða innflutning á vörum.
- b. Við bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Fyrirtæki telst erlent í skilningi þessarar málsgreinar þegar aðili hefur hvorki búsetu né starfsstöð hér á landi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 13. mars 2013.

